

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. maí 2014  
Tilvísun: UST20140500070/bs

### Tillaga að matsáætlun. 10.000 tonna viðbótarframleiðsla Laxa fiskeldis ehf. á laxi í Reyðarfirði, umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 6.maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Á bls. 30 í tillögu segir m.a.: „*Straumur er um 2,5 cm/sek til 3,0 cm/sek, sem er verulega góður straumur til fiskeldis.*“


Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt aðferðum um staðarval fiskeldis (BAT) er miðað við að straumur sé a.m.k. 5 cm/sek. Umhverfisstofnun telur því ljóst að ekki er um kjöraðstæður að ræða hvað varðar strauma á fyrirhuguðu eldissvæði. Stofnunin telur að í frummatsskýrslu eigi að setja fram spár um dreifingu lífrænna efna frá eldinu og möguleg áhrif uppsöfnunar lífrænna efna á lífríki fjarðarins.

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir því hvernig framkvæmdaraðili hyggst verjast ásætum á nótum. Ef nota á t.d. kopar eða önnur efni þá telur Umhverfisstofnun að gera þurfi grein fyrir hugsanlegri uppsöfnun slíkra efna í seti undir kvíunum og þeim áhrifum sem þau geti haft á lífríki sjávar.

Umhverfisstofnun bendir á að engin umfjöllun er um burðarþol í tillögu að matsáætlun. Stofnunin telur mjög mikilvægt að fram fari mat á þoli Reyðarfjarðar til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Í því sambandi bendir stofnunin á 5. gr. frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllt

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur